


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Húsaviðgerðir og breytingar		
HÚB 102		
Kennsluáætlun Vorönn 2011		

Kennari	Guðmundur Óskar Guðmundsson	Sk.st.	GOS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr tré og steini. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingarsögulegt gildi húsa á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um endingu, þægindi og brunavarnir með hliðsjón af lögum og reglum. Farið er yfir greiningu á fúa- og steypuskemmdum, endurnýjun á burðarvirkjum, klæðningum, gluggum, hurðum og öðrum byggingarhlutum. Jafnframt lærir nemandinn um algenga breytingavinnu.

Áfanginn er ætlaður fyrir verðandi húsasmiði.


Markmið:

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja
 - þekki lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum
 - hafi innsýn í byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi
 - geti lagt mat á afleiðingar mismunandi lausna fyrir varðveislugildi
 - geri sér grein fyrir mikilvægi brunavarna við viðgerðir og endurnýjun
 - þekki reglur um öryggi og öryggisbúnað við viðgerða- og breytingavinnu
- þekki algengustu skemmdir á tré, steinsteypu og málmum utanhúss
 - kunni skil á skemmdum af völdum sveppa og skordýra í tréverki
 - viti hvernig gert er við trévirki án þess að rýra burðargetu þess
 - geti greint steypuskemmdir og metið umfang þeirra í grófum dráttum
 - þekki orsakir og afleiðingar tæringar og veðrunar á málmum
- kunni skil á notkun bárujárns í klæðningar héraðs
 - þekki eiginleika og notkunarvið bárujárns sem klæðningarefnis
 - hafi þekkingu á uppbyggingu bárujárnsklæðninga og festingum
 - þekki frágang bárujárns við mismunandi byggingarhluta
 - hafi innsýn í málun og viðhald bárujárnsklæðninga
- þekki til nýsmíði við eldri hús og endurnýjun á gleri
 - þekki smíði glerskála, svala, kvista, sólpalla og skjólveggja við eldri hús
 - viti um tæknilegar útfærslur á tengingu eldri og nýrra byggingarhluta
 - þekki endurnýjun á gleri og útfærslur á glerjun hallandi byggingarhluta
 - kunni skil á mismunandi hurðakerfum í glerskálum og glervirkjum

Námsgögn:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Húsaviðgerðir og breytingar HÚB 102 Kennsluáætlun Vorönn 2011		

Kennslubók er ekki fyrir hendi en kennari notar safn heimilda um námsefnið sem er sett fram í fyrirlestrarformi með stuðningi af glærum, ljósritum, mynda og heimilda af netinu.

Nemandi verður að safna saman upplýsingum úr tímum og búa til heimildamöppu.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Til ráðstöfunar eru 58 kennslutímar sem skiptast á önninni á vikurnar 1 – 17.

Vika 1 Fjórir tímar í kynningu á námsefni, verktilhögun og könnun á stöðu nemendahópsins. Verk eitt undirbúið og skipt í vinnuhópa.

Vika 2 og 3 Átta tímar, verkefni eitt unnið heima og/eða á bókasafni um Þjóðminjalög-
Húsafríðunarnefnd og húsafríðunarsjóð, (hópavinna).

Vika 5 og 6 Skil á verkefni, umræður og mat.

Vika 6 til 17 Skoðað eins og aðstæður leyfa frá töflu faglegar úrlausnir tengdar viðgerðum og breytingum á húsi, húshlutum og innréttingum. Byrjað á undirstöðu og farið í gegn um allt húsið. Tvö verkefni eða skyndipróf unnin á tímabilinu.

Skoðunarferðir á áhugaverða staði sem henta faggreininni.

Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni og skyndipróf unnin á skólatíma með 40% vægi til lokamats og Lokaannarpróf með 60% vægi.

Verkefni 1	20%
Verkefni 2	10%
Verkefni 3	10%
Lokapróf	60%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils